

15. gr.

177

Skylt er veiðistjóra að veita veiðimönnum og öðrum aðilum, sem vinna að eyðingu refa og minka, allar þær upplýsingar og aðstoð, sem honum er unnt að láta í té. 28. nóv.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 krónum. nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

BYGGINGARSAMÞYKKT

178

fyrir Skagafjarðarsýslu.

29. nóv.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsbygginga á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa, er henni þykir henta í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari eða maður, er fullnægir þeim þekkingarskilyrðum, sem Teiknistofa landbúnaðarins samþykkir.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast úr sýslusjóði Skagafjarðarsýslu eða af Búnaðarsambandi Skagfirðinga og Byggingarsjóði svo og af sýslusjóðum Vestur- og Austur-Húnavatnssýslna, ef ráðinn verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af viðkomandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildi kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndar.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar eru:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins.

- 178** 2. Að hafa umsjón með því að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
29. n.ó.v. 3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka, svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa tiltækar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 48 28. maí 1957 og reglugerðar, sem sett er samkv. þeim lögum.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabyggingum og byggingum, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við þau.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

8. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki, í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21×30, 30×42 eða 42×60 cm, og á hverju blaði auður reitur 4×5 cm í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsum, sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

9. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver í sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafi borizt til nefndarinnar. Hann kallar nefndina saman en hún úrskurðar hvort leyfin skulu veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð og annað, er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáiast gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

178

Umsækjendum um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið, Byggingarleyfi skal rita á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhent umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

29. nóv.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálstan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði byggingar, sem tilgreindar eru í 7. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar eða byggi öðru vísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda, það sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa með höndum:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða. Heimilt er byggingarnefndum þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar að krefjast þess af stjórnnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er um og máli skiptir í þessu sambandi.

15. gr.

Byggingarnefnd skal hafa að minnsta kosti tvo fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbum með hæfilegum fyrirvara og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa horizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi undirbýr fundinn sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er felli fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

178

29. n.óv.

18. gr.

Auk þess, sem áður er tekið fram, skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
 2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi.
- Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 31. des. 1945, sbr. lög nr. 26 1. apríl 1948, um húsa byggingar í sýslunni, er ákveður styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, þakklæðningu og raflagnir og er hún þá bindandi fyrir alla þá aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til, enda hafi reglugerðin hlotið staðfestingu ráðherra.

20. gr.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hluteigandi lög-reglustjóra. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samþykkt til að gilda fyrir þá sýslu, og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

179

29. n.óv.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Norður-Pingeyjarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsa bygginga á jörðum er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og byggingar sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykktir, þá eru þau kaupún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn búnaðarsambands sýslunnar. Hann skal vera húsasmiðameistari með fullum réttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.